

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/1806***  
***komudagur 18.4.2012***

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Alþingishúsinu  
150 Reykjavík.

Á fundi bæjarráðs Ölfuss í dag 18. apríl. lagði Sigrún Gröndal áheyrnarfulltrúi í bæjarráði fram eftirfarandi bókun varðandi frumvarp til laga um veiðigjöld mál nr. 658 og frumvarp til laga um stjórn fiskveiða mál nr. 657.

"Í þeim tveimur frumvörpum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um sjávarútveg á Íslandi, annars vegar um stjórn fiskveiða og hins vegar um veiðileyfisgjöld, sem nú er til umfjöllunar, er margt gott sem lagt er til grundvallar til að sátt megi ríkja meðal þjóðarinnar um eina mestu auðlind landsins og eina mikilvægustu atvinnugrein landsins. Það er mín skoðun að Alþingi þurfi góðan tíma og svigrúm til að vinna að þessum málum. Þarna er um heildarhagsmuni þjóðarinnar að ræða og gæta verður þess að draga of fljótt ályktanir sem gera alla vinnu erfiðari. Að mínu mati hefur verið of skammur tími lagður í vinnu að þessum frumvörpum sem gerir það að verkum að of margir óvissuþættir eru í þeim sbr. áhrif á smærri byggðarlög, áhrif gengis, of stórt hlutfall aflaheimilda sem fer í flokk 2 og of mikil völd ráðherra. Hvet ég til þess að Alþingi taki lengri tíma til umfjöllunar á frumvörpunum og flani ekki að neinu og taki til greina þær athugasemdir sem berast frá þeim sem hagsmuna eiga að gæta"

Þetta tilkynnist hér með.

Með bestu kveðjum

Guðni Pétursson  
bæjarritari  
Sveitarfélagsins Ölfuss  
sími 480-3800 bréfasími 480-3801  
[audni@olfus.is](mailto:audni@olfus.is)  
[www.olfus.is](http://www.olfus.is)